

Sp.

88. Breytingartillaga

við till. til þál. um úthlutun bifreiða.

Frá Einari Olgeirssyni.

Fyrsta málsgr. tillögunnar orðist svo:

Alþingi ályktar, að þriggja manna nefnd skuli hafa með höndum úthlutun bifreiða þeirra, sem inn eru fluttar af Bifreiðaeinkasölu ríkisins, enda sé einkasölonni óheimilt að láta af hendi bifreiðar, nema eftir ákvörðun nefndarinnar, en leita skal nefndin tillagna forstjóra einkasölnunnar um úthlutunina. Sameinað Alþingi kys með hlutfallskosningu tvo menn í nefndina og tvo til vara, en hinn þriðja skipar ríkisstjórnin eftir tilnefningu bifreiðarstjóraráfélagsins Hreyfils í Reykjavík og varamann hans eftir tilnefningu Þróttar, félags vörubifreiðarstjóra í Reykjavík, og taki hann sæti í nefndinni, þegar ákveðin er úthlutun vörubifreiða. Nefndin skal fylgja þeirri reglu við úthlutun fólksflutningabifreiða, að tveir þriðju þeirra bíla, sem fluttir eru inn árlega, fari til atvinnubilstjóra og bifreiðastöðva.